

Nd. **182. Breytingartillögur** [91. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir til að bæta fjárhag rafmagnsveitna ríkisins.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

1. 4. málsg. 10. gr. orðist svo:

Gerðardómurinn skal starfa á þeim stað, þar sem mæling sú, sem ágreiningur rís um, fer fram, og setur sér sjálfur starfsreglur.

2. 11. gr. orðist svo:

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um verðjöfnunargjald samkvæmt lögum þessum, að fengnum tillögum Sambands íslenskra rafveitna.